

Svar

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um laun og launahlutfall í flotanum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hvert var hlutfall launa af heildartekjum útgerðar í eftirfarandi útgerðarflokkum uppgjörsárin 1999 og 2000:
 - a. hjá krókabátum,
 - b. hjá öðrum smábátum,
 - c. hjá hefðbundnum vertíðarbátum,
 - d. hjá ísfisktogurum,
 - e. hjá frystitogurum,
 - f. hjá skipum í veiði á uppsjávarfiski?
2. Hverjar voru meðaltekjur skipverja í hverjum útgerðarflokki fyrir sig þessi sömu ár?

Þjóðhagsstofnun hefur um árábil unnið yfirlit yfir rekstur helstu greina sjávarútvegs og hafa þau síðustu ár byggst að mestu á reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent stofnuninni. Í yfirlitum Þjóðhagsstofnunar er afkoma helstu greina útgerða sýnd og er flokkun stofnunarinnar eftirfarandi: bátar í nokkrum stærðarflokkum, loðnuskip, ísfisktogarar og frystitogarar. Samkvæmt Þjóðhagsstofnun eru reikningar fyrirtækjanna ekki nægilega sundurliðaðir til að unnt sé að greina útgerðarflokkana nánar niður.

Hlutfall launa af heildartekjum útgerða samkvæmt Þjóðhagsstofnun kemur fram í eftirfarandi töflu.

	1999	2000
Bátar undir 10 brl.	36,5%	35,8%
Bátar 10–200 brl.	46,5%	43,9%
Bátar yfir 200 brl.	48,1%	42,2%
Loðnubátar	47,9%	41,1%
Ísfisktogarar	38,9%	38,5%
Frystitogarar	39,0%	40,9%
Samtals	41,8%	40,8%

Í næstu töflu er nánari sundurliðun á launum eftir útgerðarflokkum.

Fjárhæðir í millj. kr.

	Bátar undir 10 brl.		Bátar 10–200 brl.		Bátar yfir 200 brl.		Loðnu- bátar		Ísfisk- togarar		Frystitogarar		Samtals	
	1999	2000	1999	2000	1999	2000	1999	2000	1999	2000	1999	2000	1999	2000
Tekjur útgerða alls	7.445	8.041	15.136	14.868	3.755	4.578	5.967	7.097	8.894	8.188	22.827	19.776	64.024	62.548
Aflahlutur	1.458	1.374	4.797	4.241	1.067	1.172	1.775	1.837	2.510	2.063	7.086	6.104	18.693	16.791
Önnur laun	72	574	1.318	1.473	506	566	729	709	521	697	681	1.086	3.827	5.105
Launatengd gjöld	135	172	539	502	139	154	221	225	266	242	685	635	1.985	1.930
Laun fyrir skrifstofustörf	1.051	760	381	307	94	40	134	145	163	154	444	266	2.267	1.672
Samtals laun	2.716	2.880	7.035	6.524	1.806	1.931	2.859	2.915	3.460	3.156	8.896	8.091	26.772	25.497
<i>Samtals laun, % af tekjum</i>	<i>36,5</i>	<i>35,8</i>	<i>46,5</i>	<i>43,9</i>	<i>48,1</i>	<i>42,2</i>	<i>47,9</i>	<i>41,1</i>	<i>38,9</i>	<i>38,5</i>	<i>39,0</i>	<i>40,9</i>	<i>41,8</i>	<i>40,8</i>

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Ekki eru til upplýsingar um meðaltekjur skipverja eftir útgerðarflokkum. Þjóðhagsstofnun tekur saman yfirlit yfir laun sjómanna samkvæmt upplýsingum úr skattframtölum og er þar fundinn sá hópur sem nýtur sjómannaafsláttar. Ekki er unnt að greina fiskimenn frá farmönn-um og eftirfarandi upplýsingar ná til allra sjómanna. Samkvæmt upplýsingum frá Farmanna-og fiskimannasambandi Íslands er þó langstærsti hluti sjómanna fiskimenn.

Meðaltekjur sjómanna í þús. kr. árin 1999 og 2000 voru samkvæmt Þjóðhagsstofnun eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. Annars vegar eru taldir upp allir sjómenn og hins vegar þeir sem gefa upp a.m.k. 274 daga á sjó.

	1999	2000
<i>Allir sjómenn</i>		
Fjöldi framteljanda	7.143	6.967
Meðaltekjur á mann	3.023	2.950
<i>Sjómenn með a.m.k. 274 daga</i>		
Fjöldi framteljanda	3.558	3.525
Meðaltekjur á mann	4.474	4.348